
REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMET Í KEILU

1. grein

Aðeins íslenskir ríkisborgarar geta sett Íslandsmet.

2. grein

Íslandsmet verða aðeins sett í A- og B-mótum.

- a) Mótshaldari skal strax að loknum leik eða móti taka kúluna/kúlurnar til varðveislu og koma henni/þeim til tækninefndar sem lætur athuga hvort hún/þær uppfylli reglur FIQ/WTBA.
- b) Mótshaldari/dómari skal fylla út eyðublað KLÍ um skráningu mets. Eyðublaðið ásamt skorblaði/glæru verður að berast KLÍ.

3. grein

Met er hægt að setja í eftirfarandi flokkum:

- a) *Einstaklingar:* Allt að 9 leikja röð karla og kvenna
- b) *Tvímenningsur:* Allt að 9 leikja röð karla, kvenna og blönduðum
- c) *Parakeppni:* Allt að 6 leikja röð
- d) *Liðakeppni karla og kvenna:*
 - deildarlið:* Allt að 3ja leikja röð 4ra manna liða
 - félagslið:* Allt að 3ja leikja röð 5 manna liða

Íslandsmet para verður aðeins sett í sérstökum paramótum þar sem öll þörin samanstanda af karli og konu.

4. grein

Met geta verið sett í öllum flokkum unglinga 18 ára og yngri, samanber Reglugerð um Íslandsmót unglinga, í eftirfarandi leikjum. Miða skal við afmælisár.

- a) *Einstaklingar* Allt að 6 leikja röð pilta og stúlkna.
- b) *Liðakeppni* Allt að 6 leikja röð 3ja manna liða.

5. grein

Met verða ekki viðurkennd nema leikið sé að minnsta kosti á tveim brautum, nema í 4. flokk í Meistarakeppni ungmenna og 3. og 4. flokk á Íslandsmóti unglinga. Met í 4ra leikja röð eða meira verða því aðeins viðurkennd að leikið sé á fjórum brautum eða fleiri.

6. grein

Íslandsmet í einum leik er hægt að setja hvar sem er í leikjaröð. Ekki skal skrá jöfnun meta nema að það sé hámarksskor. Þegar hámarksskori er náð verður annað hámarksskor sem á eftir kemur ekki skráð sem met heldur skráð sérstaklega sem jöfnun á meti.

7. grein

Met í leikjaröð er aðeins hægt að setja þannig að talið er frá fyrsta leik í lotu og lotan sé óslitin. Þannig er t.d. hægt að setja einstaklingsmet í þriggja leikja röð í þriggja leikja seríu í liðakeppni, í þrem fyrstu leikjunum í 4ra leikja seríu í tvímenningsi eða í þrem fyrstu leikjunum í 8 leikja undanúrslitum. Lota telst ekki slitin nema a.m.k. 30 mínútur séu á milli leikja.

8. grein

Met gildir þar til nýtt met er tilkynnt og viðurkennt af KLÍ. Nái fleiri en einn leikmaður meti í sama móti teljast þeir allir vera methafar. Sé met slegið í sama móti og met var sett í telst aðeins hæsta niðurstaða vera met.

Breytt á formannafundi 29. apríl 2009